

62. fundur

27. janúar 2023  
1605076SA  
Málalykill: 16.33

**Samstarfsnefnd  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Sjúkraliðafélags Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands föstudaginn 27. janúar 2023.

**Mætt voru:**

Fulltrúi Sjúkraliðafélags Íslands: Sandra Bryndísardóttir Franks, Gunnar Örn Gunnarsson og Ágúst Ólafur Ágústsson. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga: Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

**1. Launatafla 6 með gildandi kjarasamningi aðila**

Í grein 1.1.1 í gildandi kjarasamningi aðila segir :

*„Þegar endurnýjaður kjarasamningur á almennum vinnumarkaði liggur fyrir á árinu 2022, skal launatafla 5 taka sömu niðurstöðu frá 1. janúar 2023 til 30. september 2023 samkvæmt samningsniðurstöðu þeirra sem fá greidd laun samkvæmt kaupsöxtum á almennum vinnumarkaði.“*

Með tilkomu nýrrar launatöflu með hagvaxtarauka á árinu 2022 verður launatafla 5 að launatöflu 6. Nú liggur fyrir niðurstaða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi afgreiðslu málsins.

**Niðurstaða:**

Samningsaðilar eru sammála um að launatafla 6 gildi frá 1. janúar 2023 til 30. september 2023 og grunnlaunaflokkur hækki um 35.000 kr.

Með launatöflu 6 hefur hagvaxtarauka í lífskjarasamningi skv. viðauka 3 með gildandi kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

Aðilar eru einnig sammála um að tekið verði tillit til þeirra hækkana sem launatafla 6 inniheldur þegar gengið verður til nýrra kjarasamninga er gilda frá 1. október 2023.

Eftirfarandi launatafla gildir frá 1. janúar 2023.

<b>SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS</b>	
<b>LAUNATAFLA 6</b>	
<b>Gildistími:</b>	
<b>1. janúar 2023 til 30. september 2023</b>	
<b>Launaflokkur</b>	<b>Laun</b>
<b>201</b>	425.290
<b>202</b>	431.606
<b>203</b>	438.048
<b>204</b>	444.619
<b>205</b>	451.322
<b>206</b>	458.156
<b>207</b>	465.129
<b>208</b>	472.241
<b>209</b>	479.497
<b>210</b>	486.896
<b>211</b>	494.443
<b>212</b>	502.143
<b>213</b>	509.994
<b>214</b>	518.004
<b>215</b>	526.173
<b>216</b>	534.509
<b>217</b>	543.006
<b>218</b>	551.677
<b>219</b>	560.521
<b>220</b>	569.541
<b>221</b>	578.740
<b>222</b>	588.125

<b>SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS</b>	
<b>LAUNATAFLA 6</b>	
<b>Gildistími:</b>	
<b>1. janúar 2023 til 30. september 2023</b>	
<b>Launaflokkur</b>	<b>Laun</b>
<b>223</b>	597.697
<b>224</b>	607.460
<b>225</b>	617.419
<b>226</b>	627.577
<b>227</b>	637.940
<b>228</b>	648.305
<b>229</b>	658.863
<b>230</b>	669.619
<b>231</b>	680.578
<b>232</b>	691.740
<b>233</b>	703.117
<b>234</b>	714.705
<b>235</b>	726.512
<b>236</b>	738.542
<b>237</b>	750.799
<b>238</b>	763.288
<b>239</b>	776.013
<b>240</b>	788.979
<b>241</b>	802.191
<b>242</b>	815.654
<b>243</b>	829.374

Fleira ekki gert og fundi slitið.